

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Hafnarfirði 12. nóvember 2021

Efni: 2006752 - Víðistaðakirkja, viðhaldsframkvæmdir, styrkur Bæjarráðs.

Fyrir hönd sóknarnefndar Víðistaðakirkju vil ég þakka kærlega fyrir þann tíu milljón króna styrk sem Bæjarráð samþykki að veita Víðistaðakirkju. Þetta framlag Hafnarfjarðarbæjar auðveldar að unnt verði að ráðast í nauðsynlegt viðhald á þaki og gluggum kirkjunnar, en vegna ástandsins liggur eitt helsta menningarverðmæti í Hafnarfirði, freskumyndir eftir Baltasar Samper, undir skemmdum.

Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er áætlaður um 70 milljónir og verkefnið er því risavaxið fyrir söfnuðinn. Fyrir utan þetta myndarlega framlag frá Bæjarráði, þá hefur fengist styrkur til framkvæmdarinnar úr Jöfnunarsjóði sókna á þessu ári, en fjármögnun verksins verður áfram mikil áskorun.

Fyrir utan að hýsa eitt merkasta kirkjulistaverk á Íslandi, þá er Víðistaðakirkja einnig samveru og samkomustaður sóknarbarna og allra annarra Hafnfirðinga sem þangað leita. Fjöldi athafna, s.s. funda, tónleika og skólaútskrifta og fleiri viðburða á vegum Hafnarfjarðarbæjar og hinna ýmsu samtaka og félaga, fara fram í Víðistaðakirkju á ári hverju og því er mikilvægt að vel takist til í þessu mikla verkefni.

Hugheilar þakkir og virðingarfyllst,
f.h. sóknarnefndar Víðistaðakirkju,



Hjörleifur Þórarinnsson
Formaður